

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1123

Dagsetning: 25. ágúst 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HB), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Anna Sigríður Vernharðsdóttir gæðastjóri, sat fundinn undir lið 7.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 18. ágúst 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

3. Aðsend erindi

Fjallað var um aðsent erindi frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi barneignarþjónustu. Erindinu verður svarað fljótlega. Þá var rætt um ályktun frá Læknafélagi Íslands tengt kjarasamningum lækna. Framkvæmdastjórn gerir athugasemdir við efni ályktunarinnar og mun óska eftir fundi með félaginu vegna þeirra.

4. Staðan í geðheilbrigðisþjónustunni

Farið var yfir stöðuna í geðheilbrigðisþjónustu HH fyrir haustið.

5. Staða starfseininga

Umræður um stöðu sérhæfðra starfseininga. Farið var yfir málefni Heimahjúkrunar, Upplýsingamiðstöðvar, Heilsubrúar, Færni- og heilsumatsnefndar og Heyrnar- og talmeinaðstöðvar.

6. Fjármögnunarlíkan heilsugæslunnar

Rætt var um fund með Sjúkratryggingum Íslands þar sem fjallað var um fjármögnunarlíkan heilsugæslunnar. Fram kom á fundinum að skortur sé á innra eftirliti með því unnið er samkvæmt líkaninu, sem framkvæmdastjórn gerir alvarlegar athugasemdir við. Ákveðið var að útbúa minnisblað um stöðuna og taka málið upp með heilbrigðisráðuneytinu.

7. Rétt þjónusta á réttum tíma

Anna Sigríður Vernharðsdóttir gæðastjóri kom á fundinn. Hún hefur tekið að sér verkefnastjórn við innleiðingu á verkefninu Rétt þjónusta á réttum tíma (sem var áður kallað Efri leiðin) á heilsugæslustöðvum. Farið var yfir uppbyggingu verkefnisins, markmið þess og tímaáætlun. Í því felst forflokkun erinda á öllum heilsugæslustöðvum. Framkvæmdastjórn samþykkti áætlunina.

Aðgerðir og verkefni

- Svara þarf erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um barneignarþjónustu, sjá lið 3.
Ábyrgð: RÓE
- Óska þarf eftir fundi með Læknafélagi Íslands vegna ályktunar, sjá lið 3.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf drög að minnisblaði um innra eftirlit með fjármögnunarlíkani heilsugæslunnar, sjá lið 6.
Ábyrgð: HP, NSK
- Funda þarf með heilbrigðisráðuneytinu um innra eftirlit með fjármögnunarlíkani heilsugæslunnar, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:55